

Miðvikudaginn 28. apríl 1948.

Nr. 95/1946. **Réttvísín og valdstjórnin**  
(Hrl. Guttormur Erlendsson)  
gegn

**Jóni Finnboga Kjartanssyni**  
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Visun máls frá dómstólum.

### Dómur hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gekk hinn 11. marz 1944 í héraði refsíðómur á hendur nokkrum mönnum, sem brotlegir urðu í sambandi við mál ákærða. Gekk dómur hæstaréttar í máli manna þessara hinn 14. júní 1944, að því leyti sem því máli var áfrýjað. Lýðveldisstofnunin varð efni til þess, að fram fór all almenn náðun sakamanna þeirra, sem sætt höfðu refsíðómi, en ekki höfðu tekið út refsingu. Málshöfðun á hendur ákærða hafði hins vegar dregizt vegna umfangsmikillar endurskoðunar á rekstri fyrirtækja hans. Ákærða fannst, að hlutur sinn ætti ekki að verða verri, þótt ekki hefði unnizt tími til að dæma mál hans fyrir lýðveldisstofnunina. Leitaði ákærði því til dómsmálaráðherra og spurðist fyrir, hvernig tekið yrði umsókn hans um niðurfelling saksóknar. Leitt er í ljós með vottorðum þáverandi dómsmálaráðherra Einars Arnórssonar, þáverandi fjármálaráðherra Björns Ólafssonar og skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, að ákærða var heitið því, að lagt skyldi til við Forseta Íslands að fella niður saksókn á hendur honum samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, ef hann greiddi til tollstjóra framleiðslugjald það og refsígjald, sem fjármálastjórn landsins taldi til skuldar á hendur honum vegna misferlis þess, sem sannazt hafði á hann í rannsókn málsins, enda gyldi hann einnig kostnað af rannsókn málsins eftir reikningi dómsmálastjórnar. Féllst ákærði á þessa lausn málsins, enda þótt hann teldi framleiðslugjaldið og refsígjaldið of hátt reiknað af handhöfum ríkisvaldsins. Greiddi

hann því hinn 15. nóvember 1944 til tollstjóra kr. 190 254.27, en þá fjárhæð taldi hann samkvæmt frásögn verjanda ofreiknaða um rúmlega kr. 90 000.00.

Hinn 21. október 1944 hafði ný ríkisstjórn tekið við völdum. Staðhæfir lögfræðingur sá, sem gætti hagsmuna ákærða og greiddi nefnda fjárhæð til tollstjóra hinn 15. nóvember s. á., að hann hafi um leið og hann innti fjárhæðina af höndum hringt til skrifstofustjórans í dómsmálaráðuneytinu og tjáð honum, að hann væri að fullnægja skilyrðum þeim, sem ákærða höfðu verið sett og hafi skrifstofustjóri ekkert haft við þetta að athuga. Hefur þessi frásögn stuðning af skýrslu tollstjóra. En er nú kom til kasta hins nýja dómsmálaráðherra, vildi hann ekki mæla með niðurfelling saksóknar á hendur ákærða, heldur lagði fyrir sakadómara með bréfi 22. febrúar 1945 að láta ganga dóm í refsímáli á hendur honum. Gafst ákærða því ekki kostur að fullnægja skilyrðum um greiðslu þess málskostnaðar, sem þá var á fallinn, en verjandi hans hér fyrir dómi kveður að fé til greiðslu hans hafi alltaf verið til reiðu og lýsir persónulegri ábyrgð sinni á greiðslu þess.

Dómsmálaráðherra sá, sem tók við völdum 21. okt. 1944, átti í máli þessu um tvo kosti að velja. Annað hvort að efna heit fyrrverandi dómsmálaráðherra og leggja til við Forseta Íslands að fella niður saksókn gegn ákærða eða, ef hann vildi ekki takast á hendur stjórnskipulega ábyrgð á slíkum forsetaúrskurði, að leysa ákærða undan skilyrðum þeim, sem honum höfðu verið sett, og láta dómstóla dæma refsímál á hendur honum og skera úr því, hversu mikið framleiðslugjald og refsigjald hann skyldi greiða. Með því að láta standa óhaggaða skilagerð þá, sem ákærði gerði við handhafa ríkisvaldsins um greiðslu nefndra gjalda, en forsenda þeirrar skilagerðar var niðurfelling saksóknar, tókst dómsmálaráðherra í raun rétttri á hendur gagnvart ákærða skuldbindingu að leggja til við Forseta Íslands að fella niður saksóknina. Varð málið því ekki borið undir dómstóla af ákærvaldinu, meðan málavöxtum var þannig háttað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá 3. júlí 1945 og vísa málinu að svo stöddu frá dómstólum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma á hendur ríkissjóði allan kostnað af sökinni frá 3. júlí 1945, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 1000.00, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 3. júlí 1945 eiga að vera ómerk og vísast málinu að svo stöddu frá dómstólum.

Allur kostnaður af sökinni frá 3. júlí 1945 greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einar Ásmundssonar, kr. 1000.00, og málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 2500.00 til hvors.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1946.

Ár 1946, föstudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1661/1946: Réttvísing og valdstjórnin gegn Jóni Finnboga Kjartanssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn XV., XVII. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, lögum um bókhald nr. 62 1938, lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar nr. 37 1939, reglugerð nr. 130 1943, sbr. reglugerð nr. 159 1940 um sölu og úthlutun á nokkrum matvælategundum, lögum nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum og reglugerð um sama nr. 9 1935. Málið var dómtekið hinn 29. des. s. l.

Ákærði er Jón Finnbogi Kjartansson framkvæmdastjóri, til heimilis Garðastræti 39 hér í bæ. Hann er fæddur 2. febrúar 1893 að Efri-Húsum í Mosvallahreppi. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

- |      |               |  |
|------|---------------|--|
| 1925 | $\frac{2}{4}$ | Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur. |
| 1925 | $\frac{1}{8}$ | Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir sama.                                   |
| 1937 | $\frac{1}{4}$ | Áminning fyrir brot gegn reglugerð nr. 54/1936.                        |

1941 2% Dómur aukaréttar, 100 króna sekt fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er eigandi Sælgætisgerðarinnar Vikings að hálfu, en hefur einn farið með alla stjórn fyrirtækisins og borið ábyrgð þar á. Hann er og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins Svans. Hann kveðst hafa haft yfirumsjón með bókhaldi beggja fyrirtækjanna og bera ábyrgð á því og skýrslum þeim, er gefnar hafa verið yfirvöldum um rekstur þeirra.

## 2.

Hinn 1. apríl 1943 kærði skömmtunarskrifstofa ríkisins yfir því, að fram hefðu komið við talningu þá daginn áður skömmtunarseðlar fyrir sykri, er virtust vera falsaðir. Seðlar þessir urðu raktir til ákærða í þessu máli. Var hann þegar handtekinn og viðurkenndi þá þegar hluttöku sína í notkun seðlanna, og skal frásögn hans nú rakin.

Ákærði var kunnugur Adolph R. Bergssyni fulltrúa hér í bæ. Kveðst hann eitt sinn með almennum orðum hafa leitt í tal við hann ríkjandi sykurlaysi og farið að kvarta yfir sykurskortu fyrirtækja sinna. Sló hann þá af fíkti upp á því, að Adolph hjálpaði sér í þessu.

Upp úr þessu hófust viðskipti milli þeirra ákærða og Adolphs og fyrst með því, að Adolph seldi honum nokkuð af sykri, án þess að krefjast skömmtunarheimildar fyrir, og greiddi ákærði hann yfir gangverði. Því næst fór Adolph að láta hann hafa skömmtunarseðla, og varð samkomulag um, að ákærði greiddi honum kr. 2.10 fyrir kílóseðil.

Um magn þessara viðskipta og tímabil það, er þau stóðu yfir, eru heimildir á minnisblöðum nokkrum, er ákærði hafði skrifað og vísaði á undir rannsókn málsins, svo og hafa komið fram nokkrir víxlar, er stafa frá viðskiptunum. Samkvæmt þeim heimildum hefur fyrsta greiðsla ákærða til Adolphs vegna þessara viðskipta farið fram 7. jan. 1942 og er að upphæð kr. 450.00, en síðasta greiðslan er víxill útgefinn 15. febrúar 1943. Samtals nema greiðslur ákærða til Adolphs samkvæmt þessum heimildum kr. 37 495.64. Áætla ákærði að af þeirri upphæð hafi kr. 5030.00 verið fyrir sykur, en hitt fyrir seðla. Magn það, er skömmtunarseðlarnir hljóðuðu upp á, telur hann rúm 16 000 kíló.

Seðla þessa notfærði ákærði sér með þeim hætti, að hann keypti út á þá sykur af smásöluverzlun og notaði hann í framleiðslu fyrirtækis síns, Sælgætisgerðarinnar Vikings.

Það er upplýst í málinu, að af skömmtunarseðlum þeim, er Adolph seldi ákærða, var sumt prentað að tilhlutun Adolphs, en sumt fengið frá úthlutunarstofu seðlanna, frá starfsmönnum hennar, og sumpart þjófstolið. Af rannsókninni verður ekki ráðið, að ákærði hafi verið vitandi um fölsun seðlanna eða stuld, enda hefur hann ein-

dregið neitað því. Var það og heldur ekki á hann borið af Adolph.

Ákærði hefur enn fremur játað að hafa keypt litliræði (154 kg) af skömmtunarseðlum fyrir sykri af Lárusi Hanssyni innheimtumannni. Einnig þá seðla notaði hann á sama hátt.

Þá hefur og upplýstst að ákærði hefur keypt nokkuð af sykri án skömmtunarheimildar af Herluf Clausen og Hauki Björnssyni til notkunar í Sælgætisgerðinni Vikingi.

### 3.

Ákærði játaði að hafa ekki bókfært greiðslur þær, er hann innti af höndum vegna skömmtunarseðlanna, og heldur ekki sykur þann, er hann keypti út á seðlana, né sykur þann, er hann keypti án seðla. Til þess að fá fé til þessara greiðslna, lét hann óbókfærðar tilsvaramandi tekjur Sælgætisgerðarinnar Vikings, lét undan falla að færa allar sölur á bækur, færði ekki framleiðslu fyrirtækisins að fullu í iðju og birgðabók (tollbók) og gaf hana ekki alla upp til tollgreiðslu.

Undirritaði starfsfólk hans jafnan tollskýrslur, en eftir fyrirsögn hans og skipun, og telur hann sig bera ábyrgð á þeim.

Við rannsókn á bókhaldi h/f Svans hefur einnig komið fram, að sala hefur ekki að fullu verið færð í bækur og framleiðsla ekki verið gefin öll upp á skýrslum til tollstjóra. Einnig þessu telur ákærði sig hafa ráðið og bera ábyrgð á.

Undir meðferð málsins var nákvæm rannsókn látin fram fara á bókhaldi fyrirtækjanna Sælgætisgerðarinnar Vikings og hlutafélagsins Svans. Framkvæmdi hana samkvæmt skipun rannsóknardómarans Árni Björnsson löggiltur endurskoðandi.

Rannsóknin var síðan afhent tollstjóra, og var það niðurstaða hans að telja bæri, að vangreidd væru gjöld af

2 098 kg af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá h/f Svan 1941,

323 — af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá Vikingi í okt.—des. 1941.

27 098 — af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá Vikingi í jan. 1942 til apríl 1943 og

365 — af framleiddri súkkulaðihúð hjá sama fyrirtæki á sama tíma.

Hið vangreidda framleiðslugjald þrefalt nemur samtals kr. 187 119.45 og matvælaeftirlitsgjald kr. 896.52.

Hefur ákærði þegar greitt það, ásamt endurskoðunarkostnaði, en þó haft uppi mótbáru gegn sumum liðum þeim, er niðurstaðan er byggð á, sem tollstjóri aldrei sá ástæðu til að taka til greina.

### 4.

Rannsókn máls þessa hófst, eins og áður segir, hinn 2. apríl 1943. Réttarprófin voru send dómsmálaráðuneytinu, er síðan með bréfi,

dags. 7. jan. 1944, fyrirskipaði málshöfðun gegn Adolph og nokkrum öðrum mönnum, er viðriðnir voru málið.

Bókhaldsrannsókn í máli ákærða var þá ekki lokið og var því það ráð tekið að ljúka málum annarra ákærðu, en mál ákærða var tekið út úr. Féllu dómur í máli Adolphs og hinna 11. marz 1944 í héraði og í hæstarétti, að því leyti, sem þeim var áfrýjað, hinn 14. júní 1944.

Upp úr lýðveldishátíðinni 1944 og í tilefni hennar fór fram almennt náðun sakamanna þeirra, er þá höfðu þolað dóm. Í tilefni af því mun ákærði hafa látið leita til dómsmálaráðuneytisins með til-mæli um uppgjöf saka sinna. Frestaðist meðferð málsins af þeim sökum. Þeim tilmælum kom svo, að hann fékk viljrði þáverandi dómsmálaráðherra fyrir því, að fallið yrði frá málshöfðun, enda yrði hið vangreidda framleiðslugjald þegar greitt af höndum. Fjármálaráðuneytið féllst á að gera upp framleiðslugjaldið án dómsúrskurðar, eftir að dómsmálaráðuneytið hafði lýst því yfir, að fallið yrði frá málshöfðun út úr þessum sökum.

Ákærði gerði síðan upp framleiðslugjaldið, eins og áður er sagt, og greiddi tollstjóra, er veitti því viðtöku í samráði við fjármálaráðuneytið. Innti ákærði þá greiðslu af hendi á þeim forsendum, að fallið yrði frá málshöfðun, eins og honum hafði verið heitið.

Nú urðu ráðherraskipti í dómsmálaráðuneytinu áður en formlega hafði verið gengið frá þessu máli. Hinn nýi ráðherra ákvað að málinu skyldi fram haldið, og með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. febrúar 1945, var sakadómara boðið að fram halda málinu og láta dóm ganga í því.

## 5.

Skipaður talsmaður ákærða hefur krafizt sýknu honum til handa á þeim forsendum, að með áðurgreindu samkomulagi við fyrrverandi ráðherra hafi ákærvaldið fallið frá málssókn á hendur honum eða a. m. k. lofað niðurfellingu málsóknar. Enda þótt augljóst sé, að ákærði hafi verið látinn greiða áðurgreinda upphæð á þeim forsendum, að málssókn gegn honum yrði felld niður og við henni hafi verið tekið af tollstjóra að fyrirlagi fjármálaráðuneytisins með það fyrir augum, að ákærði væri að uppfylla sett skilyrði til niðurfellingar saksóknar, þá verður það þó ekki fært fram til sýknu ákærða, þar sem ákvörðun um uppgjöf saka ákærða hafði ekki verið tekin á stjórnarfarslega formlegan hátt.

Með notkun skömmtnunarseðla gagnstætt því, sem til var ætlazt, hefur ákærði gerzt sekur við 157. gr. almennra hegningarlaga. Með því að nota til iðnfyrirtækja sinna skömmtnunarvörur, sem fengnar voru án löglegrar heimildar til þeirra nota, hefur hann brotið 10. gr. sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 159, 1940 um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, sbr. lög nr. 37 1939 um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalðar í Norðurálfu.

Til þess að leyna kaupum sínum á áðurgreindum skömmtunarvörum hélt ákærði hluta af viðskiptum fyrirtækja sinna utan bókhalds. Varðar það atferli hans við 262. gr. almennra hegningarlaga og 19. gr. laga nr. 62 1938 um bókhald, svo og 8. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 9 1935, sbr. lög nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Í framhaldi af þessu gefur ákærði síðan framleiðslu sína ranglega upp til tolls og lætur starfsfólk sitt undirrita rangar skýrslur um hana, gefnar að viðlögðum drengskap, sem síðan eru lagðar fyrir tollstjóra vegna ákvörðunar tollgjalds. Þetta athæfi varðar við 145. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Refsing ákærða, sem tiltaka ber samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Gæzluvarðhald hans frá 3. til 19. apríl 1943 komi til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði skal samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 1000.00.

Á drætti þeim, sem á rannsókn málsins varð, er þegar gerð grein hér að framan. Henni lauk hinn 26. apríl 1945 og verjandi var skipaður hinn 3. maí. Verjandi skilaði vörn í málinu hinn 29. des. s. l. og bar veikindi sín fyrir drættinum. Dráttur sá, sem á dómsuppsögn er orðinn, stafar af óvenjulegum embættisönnum dómarsins á þessu ári.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Jón Finnbogi Kjartansson sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 3.—19. apríl 1943 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Einar Ásmundssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.